



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1144  
komudagur 8.3.2010

4. mars 2010  
Dags. yðar: 25. febrúar 2010  
SI-61499

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., 197. mál.

Með tölvupósti dags. 25. febrúar 2010, óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að markmið frumvarpsins sé að tryggja að hægt verði að ganga frá þeim málum sem upp koma í kjölfar bankahrunsins án þess að hætta sé á að hagsmunir spillist vegna álags og tímaskorts. Þá segir ennfremur að í frumvarpinu sé lagt til að tímamörk og frestir riftunar ráðstafana þrotamanna skuli miðast við fjögur ár fyrir frestdag til að koma í veg fyrir háttsemi eins og t.d. málamyndagerninga og undanskot eigna.

Seðlabanki Íslands er ekki til þess bær að fjalla um eða ráðleggja um fullnusturéttarfar og tjáir sig því ekki um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605